



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

POHJONEN SPILAR MOZART

15. NÓVEMBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Mozart: 30´00"

Boulez: 27´00"

Nielsen: 36´00"

BAKHJARLAR:

vís



GAMMA

POHJONEN SPILAR MOZART

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. NÓVEMBER 2012 » 19:30

François Xavier Roth hljómssveitarstjóri
Juho Pohjonen einleikari

W.A. Mozart

Píanókonsert í c-moll, K.491 (1786)

I. Allegro

II. Larghetto

III. Allegretto

Kadensa: Joonas Pohjonen (2012)

Pierre Boulez

Rituel: í minningu Bruno Maderna (1974-75)

Hlé

Carl Nielsen

Sinfónía nr. 4, op. 29 „Hið óslökkvandi“ (1914-16)

I. Allegro -

II. Poco allegretto -

III. Poco adagio quasi andante -

IV. Allegro

FRANÇOIS XAVIER ROTH

hljómsveitarstjóri



Franski hljómsveitarstjórinn François Xavier Roth (f. 1971) er einn af eftirtektarverðustu hljómsveitarstjórum sinnar kynslóðar. Hann hóf feril sinn sem flautuleikari og lærði hjá Alain Marion við Parísarkonservatoríið. Að loknu námi starfaði Roth sem flautuleikari með hljómsveit Parísaróperunnar og Þjóðarhljómsveit Frakklands. Roth hafði frá unga aldri átt sér þann draum að verða hljómsveitarstjóri og settist hann því á skólabekk á ný við Parísarkonservatoríið þar sem hann lærði hjá János Fürst auk þess sem hann sótti reglulega tíma til Jorma Panula. Árið 2000 hlaut Roth fyrstu verðlaun í Donnatella Flick hljómsveitarstjórakeppninni og hluti verðlaunanna var samningur til eins árs sem aðstoðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Lundúna. Þar komst Roth í kynni við heimssfræga hljómsveitarstjóra á borð við Pierre Boulez, Sir Colin Davis og John Eliot Gardiner. Samstarf Roths við Lundúnasinfóníuna reyndist heillavænlegt skref fyrir hinn unga hljómsveitarstjóra, hann lærði af mörgum þeim bestu í faginu og myndaði persónuleg sambönd og tengsl sem áttu eftir að greiða götu hans.

Verkasvið Roths er afar víðfemt og spannar allt frá tónlist barokktímans til samtímatónlistar, frá óperum yfir í sínfóníur og kammerverk. Árið 2003 stofnaði Roth hljómsveitina Les Siècles sem leikur á upprunahljóðfæri en leikur jöfnum höndum barokktónlist og samtímatónlist. Aðrir viðkomustaðir Roths eru Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Ensemble Intercontemporain, Fílharmóníusveitir Dresden, Bergen og Rotterdam auk annarra. Nú nýverið var Roth ráðinn aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi SWR útvarpshljómsveitarinnar í Baden-Baden og Freiburg.

JUHO POHJONEN

einleikari



Finnski píanóleikarinn Juho Pohjonen hefur vakið mikla athygli að undanfögnu fyrir fágáðan en jafnframt innblásinn píanóleik. Sé rýnt í umsagnir og dóma í fagritum kemur fljótt í ljós að í leik Pohjonen sameinast frábær tækni, kraftmikil túlkun en jafnframt næmi fyrir blæbrigðum tónlistarinnar og ríkuleg skáldagáfa.

Pohjonen hóf nám við undirbúningsdeild Síbelúsaraka-demíunnar í Helsinki árið 1989 og lauk þar námi árið 2008. Kennarar hans þar voru Meri Louhos og Hui-Ying Liu. Þrátt fyrir ungan aldur og að skammt sé liðið frá námslokum hefur hann komið víða fram með hljómsveitum og á einleikstónleikum. Hann hefur meðal annars haldið einleikstónleika í Hong Kong, Dresden, Hamborg, Helsinki, London (Wigmore Hall), New York (Carnegie Hall), San Francisco, Vancouver og Varsjá. Meðal þeirra hljómsveita sem Pohjonen hefur komið fram með má nefna Sinfóníuhljómsveit Atlanta, Fílharmóníusveit Helsinki auk fjölmargra annarra hljómsveita.

Pohjonen hefur hlotið fjölmörg verðlaun í hinum ýmsu píanó-keppnum en líklegast eru þau eftirtektarverðustu að stórpíanistinn András Schiff valdi Pohjonen sem efnilegasta listamann Píanóhátíðarinnar í Ruhr árið 2009.

Juho Pohjonen leikur kadensu eftir bróður sinn, tónskáldið og píanóleikarann Joonas Pohjonen, sem hann samdi árið 2012.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

Píanókoncert í c-moll, K.491

Eftir að Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) flutti til Vínarborgar frá Salzburg árið 1781 og fram til ársins 1788 voru píanókonserterar stór hluti þess sem hann fékkst við, bæði smíði þeirra og flutningur. Mozart hafði umtalsverðan hluta tekna sinna af sölu á eigin verkum og af því að flytja verkin á tónleikum. Af þeim 27 píanókonsertum sem Mozart samdi urðu 14 konsertanna til á árunum 1784-88 auk annarra tónsmíða. Afköstin eru gríðarleg og verða allt að því óskiljanleg sé litið til gæðanna en ekki einverðungu magnsins. Eins er eftirtektarvert að skoða ætlan Mozarts með konsertunum. Hann ritaði í bréfi til föður síns að hann setti sér það að markmiði að höfða annars vegar til þeirra sem voru atvinnumenn í faginu og hins vegar til þeirra sem hægt væri að kalla mjög hæfa áhugamenn eins og til dæmis aðalsfólk og hirðina. Síðastnefndi hópurinn var ekki sá þolinmóðasti gagnvart nýstárlegheitum í tónsköpun og því óhætt að segja að það hafi verið metnaðarfullt markmið að fara bil beggja.

Konsertinn í c-moll en óvenjulegur fyrir margra hluta sakir. Hann er annar tveggja konserta sem Mozart samdi í moll. Hefð var fyrir því á þessum tíma að konsertar væru bjartir og glaðlegir að gerð og gæfu einleikaranum færi á að sýna sínar bestu hliðar. Mozart fer hins vegar þá leið að gera konsertinn dekkri að allri áferð auk þess sem hann hefur konsertinn á einradda stafi sem spannar alla 12 krómátísku tónana og á þess tíma mælíkvarða var slíkt ekki flokkað undir neitt annað er stæka tilraunastarfsemi. Í fyrsta kaflanum er stokkið á milli c-moll og Es-dúr sem eykur á dramatísk skil milli gleði og örvæntingar. Hægi kaflinn er sérlega fagur og angurvær og með því fallegasta sem Mozart samdi og er þó af mörgu að taka. Lokakaflinn er einskonar mars, sem birtist í sex mismunandi tilbrigðum, og niðurlag. Óvanalegt er að Mozart dvelur í c-moll út verkið en endar ekki í dúr eins og venja var á þessum tíma.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Fyrstur einleikara til þess að flytja c-moll konsert Mozarts á Íslandi var píanóleikarinn og tónskáldið Jón Nordal árið 1953 á tónleikum í Þjóðleikhúsinu. Aðrir sem hafa leikið konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru André Tchaikowsky (1968), Evelyne Crochet (1970), Vladimír Ashkenazy (1975), Anna Guðný Guðmundsdóttir (1988), Kalle Randalu (1995), Anna Málfríður Sigurðardóttir (1999) og Viktoria Postnikova (2009).



PIERRE BOULEZ

Rituel: í minningu Bruno Maderna

Franska tónskáldið Pierre Boulez (f. 1925) er eitt af lykiltónskáldum á síðari hluta 20. aldar. Ungur lærði hann á píanó og bóklegar greinar en stærðfræði átti ekki síður hug hans en tónlistin. Hann lauk háskólanámi í stærðfræði áður en hann hélt áfram tónlistarnámi við Parísarkonservatoríið en þar voru kennarar hans þau Olivier Messiaen og Andrée Vaurabourg. Síðar nam hann hjá Réne Leibowitz. Í upphafi ferils síns aðhylltist Boulez tólfátónatæknina og notaði hana í tónsmíðum sínum en hneigðist síðar að serialisma og experimentalisma. Sennilega er Boulez þó ekki síður þekktur sem hljómsveitarstjóri en sem tónskáld því í rúmlega 40 ár hefur hann verið í hópi þeirra allra fremstu í faginu. Hljómsveitarstjóraferillinn hófst hjá SWR útvarpshljómsveitinni í Baden-Baden árið 1958 en síðan þá hefur Boulez unnið mikið sem stjórnandi hljómsveita á borð við Fílharmoníusveita Berlínar, Vínar og New York, Sinfóníuhljómsveita Lundúna, BBC, Chicago og Cleveland svo fáeinar séu nefndar.

Góðvinur Pierre Boulez, ítalska tónskáldið Bruno Maderna lést þann 13. nóvember árið 1973. Maderna var alla tíð ötull talsmaður nýsköpunar á sviði tónlistar og líkt og Boulez sinnti hann hljómsveitarstjórn ásamt tónsmíðum. Boulez hófst fljótt handa við að semja tónverk til minningar um þennan vin sin og var verkið *Rituel: í minningu um Bruno Maderna* frumflutt árið 1975.

Í verkinu skiptir Boulez hljómsveitinni upp í átta misstóra hópa hljóðfæraleikara sem eru staðsettir víðsvegar á sviði og utan þess. Í hverjum hópi hljóðfæraleikara er einn slagverksleikari sem gegnir hlutverki stjórnanda. Verkið er í einum þætti en er vandlega skipt niður í 15 mismunandi hluta. Tónmál verksins samanstendur af löngum hljómmum annars vegar og hraðari hendingum hins vegar. Lengd hvers hinna 15 hluta eykst eftir því sem líður á verkið og við hvern nýjan hluta bætist í tónefni verksins auk þess sem æ fleiri hljóðfæraleikarar koma við sögu. *Rituel: í minningu Bruno Maderna* er flutt í fyrsta sinn á Íslandi í kvöld.



CARL NIELSEN

Sinfónía nr. 4, op. 29 „Hið óslökkvandi“

Danska tónskáldið Carl Nielsen (1865-1931) er eitt af lykil-tónskáldum Norðurlandanna. Nielsen lærði ungur á fiðlu og trompet. Framhaldsnám í fiðluleik stundaði hann við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn ásamt því að nema tónsmíðar hjá Niels Gade. Að námi loknu hafði Nielsen lifibrauð sitt af því að starfa við fiðluleik og hljómsveitarstjórn en tónsmíðarnar skipuðu smátt og smátt stærri sess í lífi hans. Eftir Nielsen liggja verk af ýmsum toga, sönglög, kammertónlist, óperur og kórverk. Það eru þó einkum sínfóniurnar sex sem halda nafni hans á lofti.

Fjórða sínfónían er samin á fyrstu árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, 1914-16, og hafa ýmsir rýnt í tónmál verksins og telja að þar sé að finna nokkurs konar skilaboð. Að verkið sé í raun óður til lífsins á erfiðum tímum. Bjartsýni og lífsgleði sé ógnað og eftir baráttu heldur lífsgleðin velli. Þetta er ekki fjarri lagi enda gaf tónskáldið sjálft verkinu titil, „Hið óslökkvandi“. Engin kaflaskil eru á milli fjögurra þátta verksins heldur tengjast þeir líkt og þeir vaxi hver út úr öðrum.

Í upphafi sínfóniunnar má strax greina ólgu og yfirvofandi átök, örur styrkleikabreytingar, djörf tóntegundaskipti og þéttofinn tónavef. Í öðrum þætti er andrúmsloftið eilítið léttara en í þeim fyrri. Boðið er upp í fínlegan dans sem virkar sem stund á milli stríða. Þriðji þátturinn er hægur og er þungstiga í upphafi en smám saman léttir til og sálmaskotnar hendingar birtast auk þess sem blásarar leika stefjahendingar sem minna á fuglasöng. Að loknum hápunkti kaflans gliðnar tónlistin í sundur uns ekkert er eftir nema einmana óbóið yfir kyrrlátum strengjaleik. Fjórði kaflinn hefst á hröðum hendingum fiðlanna og smátt og smátt tínist hver hljóðfærahópurinn inn og upp byggist mikilfenglegur tónavefur. Þó er samfellan reglulega rofin af áhlaupi tveggja pákuleikara sem há nokkurs konar einvígi sín á milli. Kaflanum líkur með sigurvissum hljómunum í fullkomnum samhljómi hljómsveitarinnar allrar.

Helgi Jónsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt 4. sínfóníu Nielsens fimm sinnum áður. Hljómsveitarstjórar voru Karsten Andersen (1976), George Cleve (1988), Yuri Termirkanov (2000), Arvo Volmer (2002) og Eva Ollikainen (2007).

Á DÖFINNI



JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Laugardaginn 15. desember kl. 14:00 og 16:00

Sunnudaginn 16. desember kl. 14:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi með þjóðlegu ívafi, ungum slagverksnemendum og nemendum Listdansskóla Íslands sem túlka sívinsælt tónverk um *Snjókarlinn*. Sígild jólalög verða flutt af Þóru Einarsdóttur og Stúlnakór Reykjavíkur en Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanessæjar hringir inn jólin.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir

VÍNARTÓNLEIKAR

Fimmtudaginn 10. janúar kl. 19:30

Föstudaginn 11. janúar kl. 19:30

Laugardaginn 12. janúar kl. 16:00

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og ekki að undra þar sem glæsileiki og gleði einkenna Vínartónlistina sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári. Á Vínartónleikunum 2013 hljómar sígild Vínartónlist undir stjórn Peters Guth en hann hefur margsinnis stjórnað og leikið á fjörugum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Guth hefur átt mikilli velgengi að fagna, bæði sem fiðluleikari og hljómsveitarstjóri.

Einsöngvari á Vínartónleikunum er sópransöngkonan Hulda Björk Garðarsdóttir sem er landsmönnum að góðu kunn en Hulda Björk tók þátt í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á *Níundu sínfóníu* Beethovens síðasta vor og syngur nú Leonoru í *Il Trovatore* í Íslensku óperunni.

Peter Guth hljómsveitarstjóri
Hulda Björk Garðarsdóttir einsöngvari

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

15. nóvember 2012

1. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Martin Frewer
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir
Rut Ingólfssdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Kristján Matthíasson
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Mark Reedman
Ólöf Þorvarðsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Vigdís Másdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Borgar Þór Magnason

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Guðrún Másdóttir
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson
Helga Björg Arnardóttir
Ármann Helgason

SAXÓFÓN

Sigurður Flosason

FAGOTT

Zhibai Zhang
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jónelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Geoffrey Winter
Anna Sigurbjörnsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Ingibjörg Guðlaugsdóttir
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Eggert Pálsson
Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Eggert Pálsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason
Ólafur Hólm Einarsson
Matthías Hemstock
Einar Scheving

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf



AÐVENTUTÓNLEIKAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

MESSÍAS

— GEORG FRIEDRICH HÄNDEL —

Fá meistaraverk eru flutt jafn oft við þvillikar vinsældir og óratória Händels. Þetta er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og fyrir mörgum ómissandi hluti af jólaundirbúningnum. Ekki láta þessa einstöku aðventutónleika framhjá þér fara.

Mið. 05. DES. '12 » 19:30

Fim. 06. DES. '12 » 19:30

Georg Friedrich Händel

Messias

Nicholas Kraemer

hljómsveitarstjóri

Helen-Jane Howells,

Marianne Beate Kielland,

James Gilchrist og

Roderick Williams einsöngvarar

Kór Áskirkju,

Magnús Ragnarsson kórstjóri